



Skipulagsstofnun

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18.8.2020
Málsnr:	2003545
Bréfal:	512

Reykjavík, 13. ágúst 2020
Tilvísun: 202006053 / 3.6

**Efni: Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Sléttuhlíð, gististaðir,
Hafnarfjörður**

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 15. júní 2020, sent Skipulagsstofnun óverulega breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til varðveislu samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 27. maí 2020 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 12. júní 2020.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilaður er rekstur gistiaðstöðu í flokki II að öllum skilyrðum uppfylltum sem fram koma í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Umfjöllun um ferðaþjónustu og gistingu í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er einkum að finna í kafla 3.5.4 um ferðaþjónustu en stefna um hvar og við hvaða aðstæður heimilt er að reka gistibjónustu, umfram heimagistingu, er ekki til staðar. Þannig má gera ráð fyrir uppbryggingu gistingu á miðsvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum, sbr. almenn skipulagsákvæði, en einnig eru sett sérákvæði (sérstakir skilmálar) um Flensborgarhöfn, svo dæmi sé tekið, þar sem leyfilegt er að staðsetja verslanir og þjónustustarfsemi. Í stefnu aðalskipulagsins um frístundabyggð í Sléttuhlíð eru engin slík sérákvæði sem heimila gistibjónustu í frístundahúsum og það vekur spurningu um hvernig breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Sléttuhlíð sem heimilar gistibjónustu í frístundahúsum samræmist stefnu aðalskipulagsins. Að mati Skipulagsstofnunar þurfa að vera til staðar skipulagsákvæði í aðalskipulaginu um tegund gististaða sem heimilt er að reka í atvinnuskyni í frístundabyggð ásamt umfjöllun um það hvers vegna það sé talið ákjósanlegt. Við ákvörðun um að heimila gististað í frístundabyggð þarf jafnframt að hafa í huga áhrif slíks atvinnureksturs á hagsmunaaðila í grennd og gæði byggðar.

Skipulagsstofnun bendir á að umrædd breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Sléttuhlíð sé ekki í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og bendir stofnunin á að auglýsing um gildistöku í Stjórnartíðindum verði afturkölluð.

Unnsteinn Gíslason